

2 Stjórnarfundur UMSE, haldinn á Búgarði þriðjudaginn 3. maí 2011 klukkan 20.

Mættir eru: Birkir, Óskar Þór, Þorsteinn, Edda Kamilla, Kristlaug María, Kristín, Þorgerður, Einar, Jóhanna.

Þorsteinn setti fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar.
Afgreiðsla frestað til næsta fundar.
2. Styrkir:
 - a. Hestamannafélagið Hringur vegna Æskan og hesturinn.
26 börn eru að fara á vegum Hrings, ákveðið að styrkja hvert barn um 10.000.- kr.
 - b. ÍPRÓTTASAMBAND FATLAÐRA biður um styrk upp á 2000 til 3000.- kr. vegna Hvata tímarits.
Samþykkt að styrkja um 5000.- kr gegn því að fá blaðið.
3. Bókun frá Íþróttaráði Dalvíkurbyggðar.
 - a. Íþróttta- og æskulýðsráðs(25); 04.04.2011
4 Unglingalandsmót 2013 og 2014 201102008
Íþróttta- og æskulýðsfulltrúi upplýsti um samtal sitt við framkvæmdarsjóra UMSE. Ráðið hefur áhuga á að halda mótið árið 2015 og óskar eftir upplýsingum um hvaða aðstoð er að fá frá opinberum sjóðum til uppbyggingar á íþróttasvæðinu.
Þorsteinn lagði þetta fram aðeins til að upplýsa stjórn um áhugann sem er til staðar hjá Dalvíkurbyggð vegna Unglingalandsmóts.
4. Þorvaldsdalsskokkið, fjárhagsáætlun.
Þorsteinn lagði fram fjárhagsáætlun vegna Þorvaldsdalsskokksins, aðallega til kynningar.
Hvorki samþykkt né hafnað, hlaupið látið vera áfram í höndum Starra eins og undanfarin ár.
5. Samningur við Bústólpa.
Þorsteinn fór á fund við Hólmgeir, framkvæmdarstjóra Bústólpa. Hólmgeir var ekki búinn að hafa aftur samband við Þorstein fyrir fundinn. Þorsteinn lagði fram styrktarsamninginn við Bústólpa á fundinum. Nýi samningurinn inniheldur nýjan lið og breytt orðalag.
6. Notkun á íþróttamannvirkjum Akureyrarbæjar, samningur við Akureyrarbæ.
Þorsteinn og Birkir fengu formann íþróttadeildar Akureyrarbæjar á fund til sín til að ræða möguleikann á því að fá notkun á íþróttamannvirkjum Akureyrarbæjar. Formaðurinn bað um að UMSE myndi leggja fram einhverjar tölur sem að sambandið væri tilbúið til að borga fyrir leigu á aðstöðinni. Þorsteinn og Birkir hafa samþykki stjórnar til að landa samningi við Akureyrarbæ.
7. Íþrótttaþing ÍSÍ.
Óskar sat íþrótttaþing ÍSÍ fyrir hönd UMSE, hann sagði að umræða hefði myndast um lottóið. Talað var um þjóðnýtingu á beinum útsendingum íþróttaviðburða þar sem að Ísland tekur þátt, umræða myndaðist um þetta en endaði með því að fyrra fyrirkomulag mun gilda.
Umræða myndaðist um áfengisauglýsingar sem að eru sýndar og myndaðist heilmikil umræða um áfengisbann, hvort að það ætti að banna áfengi tengda viðburðum ÍSÍ, þessari tillögu var

hafna.

8. Endurnýjun á samningi við framkvæmdarstjóra.
Óskar er búinn að sofa á þessu og samningur samþykktur.
9. Önnur mál.
 - a. Nefndarstörf frá því seinasta fundi.
 - i. Bridgenefnd:
Stefán Sveinbjörnsson Umf. Æskunni.
 - ii. Frjálsíþróttanefnd:
Þorgerður Guðmundsdóttir Umf. Samherja
Birkir Örn Stefánsson Umf. Æskunni.
 - iii. Hestaíþróttanefnd:
Ekki hefur komið neinar tilnefningar og ákveðið að taka þessa nefnd út.
 - iv. Knattspyrnunefnd:
Engar tilnefningar hafa borist.
 - v. Sundnefnd:
Elín Unnarsdóttir Sundfélaginu Rán.
Berglind Sigurðardóttir Sundfélaginu Rán.
 - vi. Unglingalandsmótsnefnd UMSE 2011:
Guðríður Sveinsdóttir Umf. Svarfdæla/GHD
Þorsteinn Marinósson Umf. Reyni.
Davíð Jónsson Umf. Smárinn.
Kristín Hermannsdóttir Umf. Samherji
Óskar Þór Vilhjálmsson Umf. Þorsteinn Sv. sem formaður.
 - vii. Landsmótssjóðsnefnd:
Árni Arnsteinsson Umf. Smárinn
Jóhanna Gunnlaugsdóttir Umf. Þorsteinn Sv.
Hringur Hreinsson Umf. Æskan.
 - viii. Almenningsíþróttanefnd:
Kristín Kolbeinsdóttir Umf. Samherja.
 - ix. Fræðslunefnd:
Kristín Thorberg Hestamannafélaginu Funa.
Þorsteinn Marinósson Umf. Reyni.
 - x. Afreksíþróttanefnd:
Er alveg klár.
 - xi. Meistaramót Íslands 15-22:
Starri Heiðmarsson Umf. Æskunni.
Þorgerður Guðmundsdóttir Umf. Samherji.

Rest af nefndum verður klárt fyrir næsta fund.
 - b. Innsend bréf.
 - i. Badmintonfélag Íslands. Kjörbréf fyrir þingið hjá Badmintonfélagi Íslands. Umf. Samherjar ætla að senda fulltrúa frá sér þar sem að badminton er iðkað þar.
 - c. Sumaræfingarnar eru skiptar þannig niður að 11 ára og eldri 2x í viku, 13 ára 3x í viku og eldri og 15 ára og eldri 4x í viku. Hópurinn er orðinn svo stór að spurning er um að ráða inn aðstoðarþjálfara sem myndi koma inn á 11 ára og eldri æfingarnar þar sem að allir hóparnir verða þá að æfa og jafnvel hækkað laun þjálfara.

Fundi slitið 22:15

Næsti fundur ákveðinn 7. júní 2011 klukkan 20:00
Einar kemur með veitingar.

Kristlaug María Valdimarsdóttir, ritari

Óskar Þór Vilhjálmsson, formaður